

Bæjarstjórn - 47

## FUNDARBOÐ

**47. fundur bæjarstjórnar**  
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 30. apríl 2026 og hefst kl.  
17:00

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2604003F - Skóla- og fræðslunefnd - 25**  
Lögð fram fundargerð 25. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 2. 2604002F - Skipulagsnefnd - 41**  
Lögð fram fundargerð 41. fundar skipulagsnefndar.
- 3. 2604005F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 7**  
Lögð fram 7. fundargerð velferðar- og jafnréttismálanefndar.
- 4. 2604001F - Bæjarstjórn unga fólksins - 3**  
Lögð fram fundargerð 3. fundar bæjarstjórnar unga fólksins.
- 5. 2604006F - Bæjarráð - 43**  
Lögð fram 43. fundargerð bæjarráðs.

#### Erindi til kynningar

- 6. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**  
Lögð fram fundargerð 993. fundar stjórnar Sambandsins frá 18. febrúar 2026.
- 7. 2604019 - Ársreikningur Brákar**  
Lagður fram ársreikningur Brákar íbúðarfélags hses. fyrir árið 2025.

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 8. 2602018 - Velferðarnefnd undir stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga**  
Lagt fram erindi frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar þar sem lagt er til að velferðarnefndir sveitarfélagana verði lagðar niður og stofnuð verði ein velferðarnefnd fyrir sveitarfélögin á Snæfellsnesi sem verði færð undir stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Bæjarráð óskaði, á 41. fundi sínum, eftir að forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga komi til fundar til þess að geri grein fyrir málinu. Á 42. fundi sínum vísaði

bæjarráð málinu til umfjöllunar í velferðar- og jafnréttismálanefnd.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd tók málið fyrir á 7. fundi sínum. Á fundinum kom fram að samkvæmt forstöðumanni er þörf á faglegrri nefnd, en mál sem snerta Félags- og skólaþjónustu fara ekki lengur til sérhæfðrar velferðarnefndar. Félags- og skólaþjónusta er rekin sameiginlega á Snæfellsnesi, en mismunandi stefnur milli sveitarfélaga torvelda samræmda vinnu. Með sameiginlegri velferðarnefnd yrðu haldnir mánaðarlegir fundir þar sem fjallað er um málefni félags- og skólaþjónustu og velferðar- og jafnréttismál.

Sameiningin er talin styrkja starfsemina. Tillagan fékk jákvæð viðbrögð frá velferðar- og jafnréttismálanefnd, en nefndin taldi æskilegt að hafa að lágmarki tvo fulltrúa frá hverju sveitarfélagi.

Bæjarráð lagði, á 43. fundi sínum, til við bæjarstjórn að samþykkja stofnun sameiginlegrar velferðarnefndar sveitarfélaga á Snæfellsnesi og að viðeigandi breytingar verði gerðar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins til samræmis við það.

#### **9. 1909018 - Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæði**

Á 45. fundi bæjarstjórnar var bæjarstjóra veitt umboð til að ræða við og leggja drög að samningnum við eigendur ferðaþjónustuaðila á hafnarsvæðinu um leigu eða kaup á bílastæði í eigu sveitarfélagsins. Fyrir bæjarráð er lögð fram drög að samningi um leigu bílastæða á hafnarsvæði sveitarfélagsins.

Með vísan til fyrirliggjandi samnings er jafnframt lagt til að gjaldtökusvæðið verði afmarkað í samræmi við ákvæði samningsins og að gjaldtaka árið 2026 hefjist 1. júní nk. þannig að mögulegt verði að útbúa skilti, leiðbeiningar og auglýsa nýja gjaldskrá í samræmi við fyrirliggjandi samningsdrög.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, fyrirliggjandi samning, gjaldskrá og tillögu um nýja afmörkun á gjaldskyldusvæði í samræmi við ákvæði samningsins og að gjaldtaka hefjist 1. júní 2026.

Afgreiðsla bæjarráðs er er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **10. 2604021 - Beiðni um leyfi vegna rallaksturskeppni**

Lögð fram beiðni um leyfi fyrir rallaksturskeppni innan sveitarfélagsins.

Bæjarráð gerði, á 43. fundi sínum, ekki athugasemd við lokun þeirra vega sem sveitarfélagið er veghaldari á gegn því að öll leyfi fyrir keppninni liggi fyrir.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **11. 2604023 - Vegir í dreifbýli**

Ástand malarvega og heimreiða í dreifbýli sveitarfélagsins var tekið til umræðu á 43. fundi bæjarráðs.

Bæjarráð fór fram á að Vegagerðin framkvæmi úttekt á heimreiðum í dreifbýli sveitarfélagsins og hefji í kjölfarið nauðsynlegt viðhald þar sem þörf er á. Bæjarráð vakti sérstaklega athygli á því að Helgafellsveitarvegur nr. 577 og Sauravegur nr. 5770 er á köflum nánast ófær vegna aurbleytu. Þá liggja fyrir dæmi um að þungatakmarkanir vegna slæms ástands vega hafi hamlað uppbyggingu í dreifbýli, þar sem

framkvæmdaraðilar hafa ekki getað komið nauðsynlegum tækjabúnaði á framkvæmdastaði, m.a. á Kársstaði vegna ástands Kársstaðavegar nr. 5781. Bæjarráð taldi að bregðast þurfi við þessu ástandi án tafar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**12. 2604024 - Kennslukvóti fyrir skólaárið 2026-2027**

Lagt fram erindi frá skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi þar sem óskað er eftir úthlutun kennslumagns fyrir skólaárið 2026-2027 í samræmi við viðmið og verklag sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, úthlutun kennslumagns fyrir skólaárið 2026-2027 í samræmi við erindi skólastjóra og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**13. 2511001 - Berserkjahraun - Breyting á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags**

Óskað er eftir heimild til að grenndarkynna óverulega breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2022, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 41. fundi sínum, að grenndarkynna óverulega breytingu á aðalskipulagi og beindi því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að grenndarkynna tillöguna í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, að grenndarkynna óverulega breytingu á aðalskipulagi og fól skipulagsfulltrúa að grenndarkynna tillöguna í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðslu bæjarráðs er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

**14. 2604011 - Reitarvegur 10 og 12 - Fyrirspurn**

Skipavík ehf. sækir um leyfi til að rífa núverandi Reitarveg 10 (Kristjánsborg) og gera breytingu á deiliskipulagi við Reitarveg 10 og 12.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 41. fundi sínum, fyrir sitt að rífa Kristjánsborg og vísaði erindinu til byggingarfulltrúa. Skipulagsnefnd tók jákvætt í að unnin verði breyting á deiliskipulagi vegna Reitarvegar 10 og 12.

Bæjarráð staðfesti, á 43. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**15. 2603008 - Klapparás - deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram að nýju breyting á deiliskipulagi Klapparás.

Bæjarráð samþykkti á 42. fundi sínum að skoða ætti tvo möguleika við vinnslu deiliskipulagstillögu, annars vegar með hraðhleðslustöðvum og hins vegar byggingarreit fyrir þjónustu- og atvinnuhúnæði.

Lagðar eru nú fram tvær tillögur með ósk um heimild til að auglýsa þá tillögu sem verður fyrir valinu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsfulltrúi lagði, á 41. fundi skipulagsnefndar, fram tvær tillögur að breytingu á

deiliskipulagi Klapparás, tillaga 1 tekur til stækkunar á lóð Atlantsolíu og lóð 3 þar sem heimilt er að vera með hraðhleðslustöðvar. Tillaga 2 tekur til stækkunar á lóð Atlantsolíu og lóð 3 þar sem heimilt er að byggja þjónustu- og atvinnuhúsnæði.

Skipulagsnefnd valdi tillögu 1. Skipulagsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klapparás. Enn fremur beindi skipulagsnefnd því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 43. fundi sínum, afgreiðslu Skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu 1, með áorðnum breytingum, um breytingu á deiliskipulagi Klapparás í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **16. 2604012 - Breyting á deiliskipulagi Víkurhverfis vestan Borgarbrautar**

Lögð fram breyting á deiliskipulagi Víkurhverfis vegna Vatnavíkur, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 41. fundi sínum, fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis. Enn fremur beindi skipulagsnefnd því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 43. fundi sínum, afgreiðslu Skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **17. 2604010 - Jónsnes - Umsókn**

Sótt er um undanþágu frá 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, Skipulag við vötn, ár og sjó, til að reisa frístundahús í landi Jónsness, þar sem húsið er staðsett í 11.5m hæð frá sjávarmáli og því enginn hættu á flóðum eða skemmdum vegna sjávarágangs.

Skipulagsnefnd benti landeiganda, á 41. fundi sínum, á að sækja þurfi um undanþágu frá 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 til Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, fyrir sitt leyti að veita undanþágu frá ákvæði 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 vegna staðsetningar og umhverfis fyrirhugaðs mannvirkis, þ.m.t. vegna hæðar yfir sjávarmáli, að því gefnu að öllum öðrum leyfum og skilyrðum samkvæmt lögum og reglugerðum verði fullnægt.

Bæjarráð áréttaði að ábyrgð á framkvæmdinni er alfarið á ábyrgð landeiganda og/eða framkvæmdaraðila.

Jafnframt benti bæjarráð á að samkvæmt 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er það á valdi félags- og húsnæðismálaráðherra að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum skipulagsreglugerðar, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **18. 2604013 - Höfðagata 3**

Eigendur Höfðagötu 3 óska eftir heimild til að breyta stöðu Höfðagötu 3 úr

íbúðarhúsnæði í gistihús.

Skipulagsnefnd hafnaði erindinu á 41. fundi sínum. Byggði höfnunin fyrst og fremst á því að húsnæðið er á íbúðarsvæði og gæti skapað fordæmi fyrir önnur svæði í sveitarfélaginu, m.a. húsnæði í næsta nágrenni.

Bæjarráð tók málið til umfjöllunar á 43. fundi sínum og taldi ljóst að með samþykki erindisins geti myndast fordæmi fyrir önnur húsnæði á íbúðarsvæði verði fallist á fyrirbyggjandi umsókn. Á þeim nótum staðfesti bæjarráð fyrirbyggjandi afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

## 19. 1905032 - Samningur við Snæfell

Lögð fram beiðni formanns UMF Snæfells um endurskoðun á samningi félagsins við sveitarfélagið. Bæjarráð vísaði, á 38. fundi sínum, tillögum að breytingum á samningnum til umfjöllunar hjá nefndinni. Æskulýðs- og íþróttanefnd lagði, á 5. fundi, áherslu á mikilvægi þess starfs sem unnið er hjá UMF Snæfell og mikilvægi þess að styðja vel við það starf. Nefndin taldi mikilvægt að vinna málið áfram í samvinnu við félagið með þeim áherslum sem ræddar voru á fundinum, svo sem hvað það felur í sér að vera fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Hvað er það sem félagið uppfyllir nú þegar og hverju þarf að bæta við. Varðandi aðra liði telur nefndin að félagið, skólinn og íþróttamiðstöðin geti auðveldlega fundið lausn á þeim málum. Nefndin fól formanni að koma því sem rætt var á framfæri við bæjarráð.

Á 39. fundi bæjarráðs óskaði bæjarráð eftir nánari upplýsingum og rökstuðning frá Snæfell varðandi 20% aukningu á fjárframlagi og hvað það felur í sér að vera fyrirmyndarfélag ÍSÍ með vísan til bókunar æskulýðs- og íþróttanefndar. Bæjarráð vísaði málinu til frekari vinnslu þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

Formaður UMF Snæfells kom til fundar við bæjarráð á 43. fundi ráðsins.

Bæjarráð þakkaði formanni UMF Snæfells fyrir greinargóða og upplýsandi framsögu og lýsti ánægju með það öfluga og mikilvæga starf sem unnið er innan félagsins.

Stuðningur sveitarfélagsins við UMF Snæfell hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum, en beinn árlegur rekstrarstyrkur nam um kr. 1.500.000 árið 2018 og hækkaði í kr. 5.000.000 árið 2021. Samkvæmt núverandi samstarfssamningi sam samþykkuð var af bæjarstjórn í janúar 2025 er beinn ársstyrkur kr. 9.600.000 á ári. Þetta jafngildir nær tvöföldun frá fyrri samningstíma og um sexföldun frá því sem áður var. Til viðbótar við beinan rekstrarstyrk nýtur félagið verulegs stuðnings í formi annarra framlaga, m.a. vegna afnota af íþróttamannvirkjum og félagsaðstöðu, þar sem áætlaður styrkur nemur vel yfir 20 millj. kr. á ári, auk annarra sértækra framlaga og þjónustu.

Bæjarráð taldi að framangreindur stuðningur sé gríðarlega mikilvægur í ljósi þess hlutverks sem UMF Snæfell gegnir í samfélaginu og lagði áherslu á mikilvægi þess að styðja áfram vel við starfsemi félagsins. Í ljósi þessa tók bæjarráð jákvætt í að efla enn frekar samstarf og stuðning við starfsemi félagsins í þágu íbúa sveitarfélagsins, ekki síst barna og ungmenna.

Bæjarráð samþykkti að hækka beinan fjárstyrk félagsins í 12 milljónir á ári frá og með árinu 2026 með það að markmiði að UMF Snæfell verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2027.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn ásamt því að viðauki 1 við samstarfssamning milli sveitarfélagsins og UMF Snæfells sem byggir á framangreindri afgreiðslu er lagður fram til samþykktar.

## **20. 2604006 - Fáliðunarstefna í Leikskólanum í Stykkishólmi**

Á 25. fundi skóla- og fræðslunefndar var lögð fram tillaga um gerð fáliðunarstefnu í Leikskólanum í Stykkishólmi.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti fáliðunarstefnu Leikskólans í Stykkishólmi með fyrirvara um þær breytingar sem ræddar voru á fundinum. Komi til skammtímalokunar vegna fáliðunar skal senda forráðamönnum tölvupóst og þeir forsjáraðilar sem hafa tök á því sækja börn sín fyrir. Ef um langvarandi fáliðun er að ræða skulu börn send heim samkvæmt stafrófsröð, þannig að efstu börn á listanum fari fyrst heim og næst sé haldið áfram í sömu röð þar sem frá var horfið, til að tryggja jafnræði.

Bæjarráð staðfesti, á 43. fundi sínum, afgreiðslu skóla- og fræðslunefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fáliðunarstefnu Leikskólans í Stykkishólmi með áorðnum breytingum.

## **21. 2604007 - Markmið skólastofnana á sviði næringar**

Á 25. fundi skóla- og fræðslunefndar var tekið til umræðu markmið skólastofnana sveitarfélagsins á sviði næringar, en Grunnskólinn í Stykkishólmi er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli þar sem m.a. er lögð áhersla á að heildstæð markmið séu skilgreind á sviði næringar.

Bæjarstjórn unga fólksins tók málið einnig til umræðu á 3. fundi sínum og lagði fram ályktun sem skerpir á heilsueflandi áherslum.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir að full ástæða sé til að taka málefni mötuneyta skólastofnana sveitarfélagsins til heildstæðrar skoðunar, með það að markmiði að efla næringu og heilsusamlegt mataræði í samræmi við leiðbeiningar Embættis landlæknis um skólamötuneyti.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að í júní 2026 verði skipaður starfshópur með aðkomu utanaðkomandi fagaðila sem vinni með skólastofnunum og starfsfólki mötuneyta að heildstæðri skoðun og gerð tillagna með hliðsjón af framangreindum markmiðum.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

## **22. 2302036 - Starfsemi félags- og skólaþjónustunnar**

Skóla- og fræðslunefnd ítrekaði, á 21. fundi sínum, fyrri bókanir varðandi Félags- og skólaþjónustu FSSF og óskar eftir að skólanefndir Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar fjalli um málið, þar sem þjónustan er þvert á sveitarfélögin. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að endurskoða samning sveitarfélaganna við FSSF, einkum hvað varðar áherslur í starfsemi og framkvæmd skólahluta þjónustunnar, sem nefndin telur ekki hafa verið í samræmi við þarfir skólanna.

Það er mat skóla- og fræðslunefndar að skoða þurfi alvarlega störf Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSSF) varðandi skólaþjónustu stofnunarinnar og áréttar skóla og fræðslunefnd fyrri bókanir nefndarinnar varðandi skólaþjónustuhluta FSSF.

Vill skóla- og fræðslunefnd minna á sameiginlega ályktun skólustjórnenda á Snæfellsnesi frá 1. febrúar 2021 varðandi nauðsyn þess að bæta um betur í skólaþjónustu á Snæfellsnesi. Ákveðið var í framhaldinu að boðað skildi til fundar með FSSF, fulltrúum Fjölbrotarskóla Snæfellinga og skólustjórnendum, skólanefndum og bæjarfulltrúum þeirra sveitarfélaga sem standa að þjónustunni þar sem taka átti til umræðu stöðu skólaþjónustunnar á Snæfellsnesi. Fyrirgreindur fundur fór aldrei fram, væntanlega sökum faraldursins. Skóla- og fræðslunefnd leggur því til við bæjarstjórn Stykkishólms að óskað verði eftir því að umræddur fundur verði haldinn sem allra fyrst.

Á fundinum væri mögulegt að taka til umræðu hvort halda eigi samstarfinu áfram hvað varðar skólaþjónustu á Snæfellsnesi eða hvort beina ætti kröftum FSSF einungis að félags- og velferðarþjónustu. Jafnframt væri hægt að meta hvort hagsmunum barna á svæðinu væri betur borgið með samstarfi við aðra skólaþjónustu, til dæmis í Borgarbyggð, eða með samvinnu um skólaþjónustu á stærra svæði.

Þó skóla- og fræðslunefnd telji að staðan sé og hafi lengi verið óviðunandi hvað þennan þátt varðar í starfsemi stofnunarinnar, vill nefndin leggja áherslu á að þar er ekki við núverandi starfsfólk eða forstöðumann að sakast.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir með skóla- og fræðslunefndar varðandi mikilvægi skólaþjónustu á Snæfellsnesi. Bæjarráð beindi því til stjórnar Félags- og skólaþjónustunnar að haldinn verði sameiginlegan fundur með stjórn og starfsfólki Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga með skólustjórnendum og formönnum skólanefnda á Snæfellsnesi ekki síðar en í september 2026.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

### **23. 2103029 - Stefna í málefnum nýrra íbúa**

Lögð fram tillaga að stefnumörkun sveitarfélagsins í málefnum nýrra íbúa.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd tók málið fyrir á 7. fundi sínum.

Nefndin taldi beinagrindina sem komin er góðan grunn að áframhaldandi hugmyndavinnu, en nefndin taldi mikilvægt að hún verði ekki of umfangsmikil eða feli í sér loforð sem erfitt er að standa við, sérstaklega varðandi faglega þjónustu sveitarfélagsins. Skynsamlegt væri að vinna verkefnið í áföngum, þar sem aðgengi að skýrum og gagnlegum upplýsingum væri fyrsta skref.

Nefndin lagði áherslu á að fyrst og fremst tryggja gott upplýsingaflæði til þeirra sem flytja á svæðið, til dæmis með vandaðri og notendavænni heimasíðu og aðgengilegum upplýsingum um samfélagið, svo sem viðburði, félagasamtök, íþróttar- og skólustarf og stéttarfélög. Einnig mætti nýta einfalt kynningarefni, til dæmis plaköt með QR kóða á vinnustöðum og opinberum stöðum. Ekki þyrfti annað en að uppfæra síðuna sem nú þegar er og setja hana á áberandi stað á forsíðu [www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is). Nefndin lagði líka til að sú vinna ljúki fyrir septemberlok 2026.

Mikilvægt er að koma skýrt á framfæri að allir séu velkomnir til þátttöku í samfélaginu, og bjóða upp á að fólk geti haft samband við sveitarfélagið ef það óskar eftir frekari aðstoð.

Nefndin vísaði málinu til bæjarstjórnar til frekari umræðu, meðal annars þar sem ekki er gert ráð fyrir fjármagni í tengilið sem heldur utan um móttöku og viðtöl.

Bæjarráð tók, á 43. fundi, undir með Velferðar- og jafnréttismálanefnd og samþykkti drög að móttökuáætlun með áorðnum breytingum.

Bæjarráð samþykkti að vísa stefnumörkun í málefnum nýrra íbúa, með áorðnum breytingum, til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **24. 2505002 - Knattspyrnuvellir**

Málefni knattspyrnuvallar og stúku voru tekin til umræðu á 3. fundi bæjarstjórnar unga fólksins.

Bæjarstjórn unga fólksins hvatti bæjaryfirvöld til þess að auka viðhald á knattspyrnuvelli sveitarfélagsins og einnig að auka viðhald á stúkunni sem stendur við völinn.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir afgreiðslu 3. fundar bæjarstjórnar unga fólksins og vísaði málinu til umfjöllunar í æskulýðs- og íþróttanefnd.

Aðgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **25. 2604001 - Sturtuklefar í Íþróttamiðstöð Stykkishólms**

Sturtuklefar á neðri hæð Íþróttamiðstöðvar Stykkishólms voru til umræðu á 3. fundi bæjarstjórnar unga fólksins.

Bæjarstjórn unga fólksins lagði til að laga vatnsþrýsting og sturtuadstöðu á neðri hæð íþróttahússins, þar sem vatn dreyfist illa og með litlum þrýstingi.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir afgreiðslu 3. fundar bæjarstjórnar unga fólksins og benti á að í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir endurbótum á sturtuklefum á neðri hæð. Að öðru leyti vísaði bæjarráð málinu til umfjöllunar í æskulýðs- og íþróttanefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **26. 2604002 - Mötuneyti FSN**

Kostnaður vegna þjónustu mötuneytis Fjölbautaskóla Snæfellinga var til umræðu á 3. fundi bæjarstjórnar unga fólksins

Bæjarstjórn unga fólksins lagði til að leitað verði leiða til að lækka verð eða niðurgreiða skólamat í Fjölbautaskóla Snæfellinga. Einnig lagði bæjarstjórn unga fólksins til að endurskoðað verði sú ákvörðun um að sleppa fríum hafragraut fyrir nemendur.

Bæjarstjórn unga fólksins óskaði eftir viðbrögðum frá Fjölbautaskóla Snæfellinga.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir afgreiðslu 3. fundi bæjarstjórnar unga fólksins og vísaði málinu til umfjöllunar í skólanefnd Fjölbautaskóla Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarráði.

#### **27. 2604003 - Leikvellir í Stykkishólmi**

Leikvellir og leiktæki í Stykkishólmi voru tekin til umræðu á 3. fundi bæjarstjórnar unga fólksins.

Bæjarstjórn unga fólksins hvatti bæjaryfirvöld til þess að fara í úrbætur á leikvöllum í sveitarfélaginu, með það að leiðarljósi að hafa leikvellina fjölbreytta og aðgengilega.

Bæjarráð tók, á 43. fundi sínum, undir afgreiðslu 3. fundar bæjarstjórnar unga fólksins og vísaði málinu til umfjöllunar í æskulýðs- og íþróttanefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**28. 2604027 - Nesvegur 7**

Lagt fram kauptilboð í Nesveg 7.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, fyrirbyggjandi tilboð.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**29. 2604033 - Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga árið 2026**

Kjörskrárstofn til Sveitastjórnarkosninga 16. maí 2026 framlagður.

**30. 2604022 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2026-2029**

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2026-2029.

Innri leiga er tekjufærð hjá eignasjóði og gjaldfærð hjá viðeigandi stofnun.

Útgjaldaaukning hjá Grunnskóla er mætt með lækkun kostnaðar hjá yfirstjórn.

Kostnaður vegna fjárfestinga í grunnskóla er mætt með lækkun fjárfestinga í stígagerð.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2026-2029.

**31. 2604025 - Ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms 2025**

Lagður fram ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2025.

Bæjarráð samþykkti, á 43. fundi sínum, ársreikning og vísaði ársreikningi til fyrri umræði í bæjarstjórn.

Þá er lögð fram tillaga forseta um að næsti bæjarstjórnardur og þar með síðari umræða um ársreikning verði haldinn á Amtsbókasafninu og að lokinni kynningu á ársreikning verður bæjarstjórnarfundur slitið og upptöku fundar hætt og í framhaldi gefist íbúum kostur á því að spyrja eða leggja til athugasemdir vegna ársreikningsins 2025.

**32. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra**

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

28.04.2026

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.